

Tillaga til þingsályktunar

um listnám fatlaðra.

Flm.: Margrét Frímansdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir,
Helgi Hjörvar, Jón Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir,
Guðrún Ögmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á möguleikum fatlaðra til að stunda tónlistarnám og annað listnám. Kannað verði sérstaklega hvernig tónlistarskólar og aðrir listaskólar svara þörfum fatlaðra hvað varðar aðbúnað og kennslu. Sérstök áhersla verði lögð á að kanna möguleika barna og ungmenna til þess að stunda listnám. Nefndin skili niðurstöðum sínum og tillögum til úrbóta fyrir 1. október 2005.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu nefndar. Nokkrar umsagnir bárust og eru þær birtar í fylgiskjali með tillögunni.

Í sjöttu meginreglu Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra er fjallað sérstaklega um nám fatlaðra. Þar segir m.a. að aðildarríkin skuli hafa í heiðri þá meginreglu að fötluð börn njóti jafnréttis hvað snertir nám í grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla og öðrum menntastofnunum. Aðildarríkin skulu tryggja að menntun fatlaðra sé óaðskiljanlegur hluti menntakerfisins. Hér á landi eiga öll börn lögbundinn rétt á menntun og reynt hefur verið að tryggja að þau geti stundað grunn- og framhaldsnám og þannig reynt að fylgja meginreglum Sameinuðu þjóðanna. Enda þótt meginreglur Sameinuðu þjóðanna leggi ekki lagalegar skyldur á aðildarríkin eru þær skuldbindandi siðferðilega og pólitískt og þær byggjast á kjörorði samtakanna „Eitt samfélag fyrir alla“.

Þótt töluvert hafi áunnist í baráttu fatlaðra fyrir rétti til náms er ljóst að mikið verk er óunnið, ekki síst ef horft er til listnáms. Þó er alkunnugt að það er ákaflega mikilvægur þáttur í þroska og þjálfun fatlaðra einstaklinga að stunda listnám. Gildir þá einu hvort um líkamlega hömlun eða þroskaröskun er að ræða. Það sanna margar rannsóknir, m.a. rannsókn sem gerð var fyrir nokkrum árum í Bandaríkjunum. Þar var niðurstaðan sú að það flýtti mjög fyrir þroska fatlaðra barna og hjálpaði þeim félagslega hefðu þau möguleika til listiðkunar eða listnáms.

Norðurlöndin hafa einnig lagt mikla áherslu á rétt fatlaðra til listnáms, sérstaklega á möguleika barna allt frá leikskólaaldri til þess að stunda nám í listgreinum eins og tónlist og leiklist.

Hér á landi eiga fatlaðir litla möguleika á að stunda listnám. Aðstæður eru misjafnar eftir svæðum en hvergi fullnægjandi. Möguleikar fatlaðra barna og ungmenna til tónlistarnáms eru t.d. mjög takmarkaðir. Það er í verkahring sveitarfélaganna að reka tónlistarskóla. Ríkið kemur ekki að rekstri þeirra. Flutningsmenn þessarar tillögu draga í efa að í viðræðum um verkaskipti og tekjustofna ríkis og sveitarfélaga hafi þessum veigamikla þætti í menntun verið gefið það vægi sem eðlilegt hefði verið.

Menntamálaráðuneytið hefur þó á hendi faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu eins og öðru listnámi. Ráðuneytið hefur t.d. sett aðalnámskrá fyrir tónlistarskóla þar sem vikið er beint og óbeint að jafnræði til tónlistarnáms. Þar segir meðal annars: „Hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla er að efla hæfni, þekkingu og þroska nemenda, sem og að stuðla að öfluglu tónlistarlífi í landinu. Í skólastarfi tónlistarskóla ber að taka tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska þannig að skólarnir þjóni öllum þeim sem sækjast eftir tónlistarnámi.“

Einnig er í námskránni tekið fram að kennsluaðferðir megi ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.

Í viðauka við námskrána er kafli þar sem meðal annars er rætt um húsakost tónlistarskólanna. Þar segir: „Einnig þarf ætíð að gera ráð fyrir greiðu aðgengi fatlaðra.“ Reikna má með að hliðstæð markmið séu í gildi fyrir annað listnám. Hins vegar er ljóst að þessi markmið hafa ekki náðst hvað varðar möguleika fatlaðra til þess að stunda hvers konar listnám. Ekki síst á það við um börn og ungmenni.

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja til að menntamálaráðherra skipi nefnd sem nú þegar geri úttekt á möguleikum fatlaðra til þess að stunda tónlistarnám eða annað listnám. Sérstök áhersla verði lögð á að kanna möguleika barna og ungmenna til þess að stunda listnám. Nefndin skili skýrslu og tillögum til úrbóta fyrir 1. október 2005.

Fylgiskjal.

Umsagnir um tillögu til þingsályktunar um listnám fatlaðra (329. mál á 130. löggjafarþingi).

Umsögn Blindrafélagsins.


Reykjavík 17. mars 2004

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tónlistarnám fatlaðra

Blindrafélagið hefur tekið til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um tónlistarnám fatlaðra 329. mál lagt fram á 130. löggjafarþingi.

Stjórn Blindrafélagsins lýsir yfir fögnuði með fram komna tillögu og óskar flutningsmönnum og þingheimi öllum góðs gengis í störfum sínum.

Virðingarfyllt
f.h. Blindrafélagsins


Sigurjón Einarsson formaður

Umsögn Atla Lýðssonar framkvæmdastjóra Fjölmennar, fullorðinsfræðslu fatlaðra, um tillögu til þingsályktunar um listnám fatlaðra


Í upphafi er rétt að taka fram að ég er mjög áfram um að úttekt sú sem fjallað er um í upphafi þingsályktunartillögunnar verði framkvæmd.

Varðandi það að sérstök áhersla verði lögð á aðstöðu og möguleika barna og ungmenna þá tel ég ekki síður mikilvægt að kanna stöðu þessara mála hjá þeim sem eru orðnir fullorðnir.

Listnám getur verið mjög mikilvægur þáttur í að auka lífsgæði þeirra sem eru fatlaðir óháð lífaldri viðkomandi. Listnám er einnig notað í síauknum mæli við endurhæfingu geðsjúkra, fólks með seinni tíma heilaskaða, fólks með skerta hreyfingu o.fl..

Að öðru leyti er ég sammála því sem kemur fram í þingsályktunartillögunni.

Reykjavík 08. 03. 2004



Virðingarfyllst, Atli Lýðsson

Umsögn Listaháskóla Íslands.

Reykjavík 15. mars 2004

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um listnám fatlaðra

Listaháskóla Íslands hefur borist beiðni frá menntamálanefnd Alþingis um umsögn um tillögu til þingsályktunar um listnám fatlaðra, 329. mál. Fyrsti flutningsmaður er Margrét Frímansdóttir.


Tilgangur tillögunnar er að afla viðtækari þekkingar en við höfum í dag á því hvernig listaskólarnir í landinu mæta þörfum fatlaðra hvað varðar kennslu og aðbúnað. Markmiðið hlýtur að vera að nýta niðurstöðurnar til þess að móta stefnu um hvernig eigi að taka á málefningu á víðari vettvangi.

Listaháskólinn tekur undir það megin sjónarmið sem kemur fram í greinargerð með tillögunni að mikilvægt sé að opna fótluðum fleiri tækifæri til listnáms. Mönnum er að verða það sífellt betur ljóst að þjálfun í listskópun og listflutningi eykur getu einstaklingsins til hvers konar tjáningar og eflir með honum sjálfstraust og lífsgleði. Allir eiga þar sama rétt.

Listnám beinist jafnt að beitingu líkamans og þjálfun hugans. Hugur og hönd tengjast í einu verki og nemandinn uppsker árangur erfiðis síns með áþreifanlegum hætti. Sérstaða listnáms birtist með ýmsum hætti og er oft á það bent að börn og unglingar með skerta getu, hvort sem er vegna líkamlegrar hömlunar eða misþroska, geti náð undraverðum árangri í sínu námi. Hæfileikar til skynjunar og sköpunar koma þá oft í ljós. Fyrir nemandann getur þetta skipt sköpum og lífið fær nýjan tilgang.

Listaháskólinn er ekki í aðstöðu til að meta hvernig almennt er búið að kennslu fatlaðra nemenda í listaskólum landsins. Þó er hverjum manni ljóst sem eitthvað hefur kynnst starfi skólanna að mikils átaks er þörf ef þeir eiga að geta uppfyllt þær almennu kröfur sem til þeirra eru gerðar um menntun þessara nemenda. Listaháskólinn telur að breytinga sé þörf og fagnar því frumkvæði sem kemur fram í tillögunni er hér um ræðir.

Virðingarfyllst



Hjálmar H. Ragnarsson
rektor

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands.

Reykjavík, 15. mars 2004.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Efni: **Tillaga til þingsályktunar um listnám fatlaðra**

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist ofangreind tillaga, þskj. 381, 327. mál, til umsagnar.

Öryrkjabandalagið tekur undir efni tillögunnar og greinargerðar þeirrar sem fylgir með tillögunni.

Á undanförunum árum hefur sérstök áhersla verið lögð á listsköpun mjög afmarkaðra hópa fatlaðra. Ýmis hagsmunafélög hafa efnt til séstakra listanámskeiða fyrir hópa fatlaðra. Skipulegt listnám sem er sérstaklega ætlað fötluðum er hins vegar óviða fyrir hendi á grunn- og framhaldsskólastigi. Þá gerir Listaháskóli Íslands ekki sérstaklega ráð fyrir fötluðum nemendum í námskrá sinni.

Ekki eru hér á landi sérmenntaðir kennarar til þess að annast kennslu blindra og sjónskertra nemenda. Þekking á nótnaskrift með blindralettri er ekki fyrir hendi. Norræn blindrabókasöfn bundust fyrir nokkrum árum samtökum um gerð tónlistarefnis á blindralettri. Ekki er vitað til þess að Íslendingar hafi nýtt sér þá þjónustu.

Tekið skal undir orð greinargerðarinnar um þýðingu listnáms fyrir fötluð börn. Öryrkjabandalag Íslands leggur áherslu á að í nefnd þá, sem stofnuð verður til þess að gera úttekt á listnámi fatlaðra, veljist einstaklingar með sérþekkingu á sviði ýmissa fatlana. Bandalagið telur að nefndinni sé ætlaður of skammur tími til starfa og leggur þess í stað til að henni verði gefið a.m.k. ár til þess að koma með raunhæfar tillögur um úrbætur á þessu sviði.

Virðingarfyllt,

Arnbór Helgason

Arnbór Helgason, framkvæmdastjóri

Umsögn landssamtakanna Þroskahjálpar.


Reykjavík 12. mars 2004

Þingsályktun um listnám fatlaðra.


Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um listnám fatlaðra. þskj 381 – 329 mál.

Samtökin eru sammála efnisatriðum tillögunar og leggja til að hún hljóti brautargengi á Alþingi.

Virðingarfyllt
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar



Halldór Gunnarsson formaður



Friðrik Sigurðsson framkvæmdastjóri